

Aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020

Breytingar á texta greinargerðar í köflum 4.4.2 Íbúðarbyggð í sveitinni og kafla 4.5.1 Frístundabyggð F1-F7.

Breyting

Á 17. fundi Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps 2010-2014 var samþykkt óveruleg breyting á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020. Breytingin er á þann veg að setningunni „þó er heimilt að byggja nær mörkum lögbýla ef fyrir liggur samþykki eigenda að liggjandi lands“ er skeytt aftan við setninguna „Að jafnaði skulu vera a.m.k. 20 m á milli byggingarreita og byggingarreitir a.m.k. 30 m frá mörkum lögbýla og mörkum landnotkunarreita“ á bls. 26 í kafla 4.4.2 Íbúðarbyggð í sveitinni og á bls. 27 í kafla 4.5.1 Frístundabyggð F1-F7.

Áhrifamat

Breytingarnar fela ekki í sér heimild til framkvæmda sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum.

Breytingarnar eru ekki taldar hafa teljandi áhrif á landnýtingu eða ásýnd lands.

Áhrif breytinganna á hagsmuni aðila eru talin vera lítil, enda verður þeim áfram heimilt að hafna frávikum frá meginreglu aðalskipulags, telji þeir slíka undanþágu andstæða hagsmunum sínum.




Málsmeðferð

Aðalskipulagsbreyting þessi var samþykkt í sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps 12. júlí 2011. Breytingin er óveruleg og gerð í samræmi við 2. mgr. 36. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Svalbarðseyri 15. ágúst 2011



Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun _____ 2011.

Auglýsing um gildistöku var birt í B-deild Stjórnartíðinda _____ 2011.